

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1063

Dagsetning: 25. mars 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HÞ), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 18. mars 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Ung- og smábarnavernd

HópaVinna vegna ung- og smábarnaverndar var kynnt og rætt um áframhaldandi þróun á verkefnum.

3. Fundur forstjóra heilbrigðisstofnana

Forstjóri upplýsti um helstu umræðuefni á fundi forstjóra heilbrigðisstofnana í heilbrigðisráðuneytinu.

4. Orlofsmál

Rætt var um mikilvægi þess að tryggja að starfsfólk sem á inni orlof sem að óbreyttu fýrnist 1. maí næstkomandi geti tekið út sitt orlof. Málið verður til umræðu á fundum svæðisstjóra og skrifstofustjóra síðar í vikunni.

5. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

6. Kjarasamningar lækna

Rætt var um stöðuna á innleiðingu á kjarasamningi lækna. Vinnan er á lokametrunum en enn eru nokkrir lausir endar sem þarf að ganga frá sem fyrst.

7. Skýrsla um heyrnarþjónustu

Skýrsla um heyrnarþjónustu var kynnt og rætt stuttlega um innihald hennar.

8. Fundir svæðisstjóra og skrifstofustjóra

Dagskrá fyrir fundi svæðisstjóra og skrifstofustjóra 27. mars var undirbúin.

9. Rekstrarniðurstöður 2024

Farið var yfir drög að rekstrarreikningi HH fyrir árið 2024.

Aðgerðir og verkefni

- Halda þarf áfram þróun á ung- og smábarnavernd, sjá lið 2.
Ábyrgð: RÓE
- Ræða þarf orlof starfsfólks á fundi svæðisstjóra, sjá lið 4.
Ábyrgð: SKP
- Ljúka þarf innleiðingu á kjarasamningi lækna, sjá lið 6.
Ábyrgð: SDM og NSK
- Ljúka þarf vinnu við rekstrarreikning HH fyrir árið 2024, sjá lið 9.
Ábyrgð: HP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:20